

Malbikunarstöðin Höfði hf.
Sævarhöfða 6-10
112 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2019
UST201901-223/S.M.
08.06.02


Reglubundið eftirlit í Malbikunarstöðina Höfða


Pann 15. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í Malbikunarstöðina Höfða. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var gerð er varðar uppfærslu á viðbragðsáætlun.

Rekstraraðili vinnur eftir úrbótaáætlun vegna eldri frávika er varða losunarmörk í útblæstri og útstreymishraða.

Virðingarfallst


Sigríður Magnúsdóttir


Einar Halldórsson

Afrít: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöðin Höfði Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	15.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Malbikunarstöðin Höfði	Eftirlitsmaður	
Heimili	Sævarhöfði 6 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5810962919	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirs dóttir	ÍSAT nr.	26.82.9
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Torfason	Staðsetning	362038,627 405923,675

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og ein ábending var gerð er varðar uppfærslu viðbragðsáætlunar ef þörf er á. Eldra frávik er varðar losunarmörk í útblæstri helst opið en unnið er eftir úrbótaáætlun. Eldra frávik vegna of lágs útstremishraða í útblæstri helst áfram opið. Úrbætur voru staðfestar vegna tveggja eldri frávika er varða bamba án árekstravarna og númerlausra bifreiða á lóð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í malbikunarstöðina Höfða og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Skráningar og mælingar (gr. 4.1 og 4.2)
- Tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 2.7)
- Tryggingar (gr. 2.8)
- Síðasta eftirlitsskýrsla
- Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Rætt var um umfang starfseminnar en heimilt er að framleiða allt að 340 t/klst af malbiki og allt að 180 t/klst af steinefnum, þá er heimilt að reka tengda þjónustu sem og geyma bik í bikþingðastöð norðan við athafnasvæðið. Fram kom í eftirlitinu að biki hefði verið landað í höfninni á athafnasvæði Björgunar og þaðan dælt í geyma malbikunarstöðvarinnar. Þar sem búið væri að loka höfninni þarf Höfði nú að fá bikið annarsstaðar frá.

Skráningar, sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi, voru aðgengilegar í eftirliti. Mælingar vegna losunarmarka í útblæstri hafa verið gerðar bæði í Via Nova og Benninghoven stöðvunum. Ryk í útblæstri frá Via Nova stöðinni var innan losunarmarka í útblæstri. Ryk í útblæstri frá Benninghoven stöðinni hafa verið yfir losunarmörkum. Samkvæmt niðurstöðum mælinga er útstremishraði enn of lágor eða tæpir 16 m/s, en skv. gr. 2.4 í starfsleyfi á útstremishraði að vera 18-22 m/s. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur reynst erfitt að ná mælingu í útblæstri með meiri útstremishraða. Mælingar á olíu sýna að styrkur olíu er undir losunarmörkum.

Kynntar voru nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar vegna tilkynninga um mengunaróhöpp og í því samhengi rætt um viðbragðsáætlanir rekstraraðila vegna mögulegrar bráðamengunar. Viðbragðsáætlun var tiltæk í eftirliti og var rekstraraðila bent á að uppfæra áætlunina með hlíðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar ef þörf er á.

Staðfest var að rekstraraðili er með tryggingar í samræmi við kröfur starfsleyfisins.

Rætt var um niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu, frávik og úrbótaáætlun vegna þeirra. Í eftirliti 2018 komu fram fjögur frávik er varða útstremishraða í skorsteini, bamba með spilliefnum án árekstravarnar, númerlausar bifreiðar á lóð og vontun á mælingum í Benninghoven stöðinni 2017. Síðastnefnda frávikinu var lokað í eftirlitsskýrslu 2018. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun vegna frávikanna þann 24. október 2018. Frávik vegna of lágs útstremishraða í skorsteini helst opið þar sem útstremishraði í mælingu 2018 var enn of lágor. Gerðar hafa verið úrbætur vegna bamba með spilliefnum án árekstravarnar og númerlausra bifreiða. Mælingar í útblæstri í Benninghoven stöðinni sýna enn of há gildi í útblæstri. Rekstraraðili vinnur eftir úrbótaáætlun þar sem unnið er að því að koma upp nýrr síu í stöðinni. Frávikið helst áfram opið.

Kynnt var nýtt áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeflrit ber Umhverfisstofnun nú að ákværða tíðni eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Umhverfisstofnun hefur unnið drög að áhættumati fyrir starfsemi sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar og hyggst áhættumeta starfsemina samhliða vettvangsheimsóknum á árinu. Í lok árs mun stofnunin síðan rýna heildraðt niðurstöður áhættumatsins og nota sem

grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Farið var í skoðunarferð um svæðið og ekki var tilefni til athugasemda.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um tilkynningar vegna mengunaróhappa ef þörf er á.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.11.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir